

AUGLÝSING

um starfsreglur kirkjupings um breyting á starfsreglum um sóknarnefndir nr. 732/1998.

„STARFSREGLUR
um breyting á starfsreglum um sóknarnefndir nr. 732/1998.

1. gr.

5. gr. orðist svo:

Við ráðstöfun fjármagns sóknarinnar til skamms eða langs tíma skal ávallt gæta þess að fjárskuldbindingar vegna ýmissa framkvæmda komi sem minnst niður á almennu kirkjustarfi.

Eigi að ráðast í fjárfrekar framkvæmdir eins og smíði nýrrar kirkju eða safnaðarheimilis skal sóknarnefnd greina kirkjuráði skriflega frá áformum sínum um framkvæmdir og fjármögnun.

2. gr.

10. gr. orðist svo:

Verði svo miklir fjárhagsörðugleikar í sókn að til vandræða horfi í fjármálum ber að boða til safnaðarfundar þar sem sóknarnefnd gerir söfnuði grein fyrir stöðu mála. Á þennan fund skal boða prófast. Ef hann að fengnum upplýsingum og að lokinni umfjöllun fundarmanna telur ástæðu til að styrkja fjármálastjórn safnaðarins hefur hann heimild til að velja tvo fulltrúa, sem starfi með fulltrúa kirkjuráðs, og skulu þeir starfa með sóknarnefndinni á meðan verið er að koma málum í réttan farveg.

3. gr.

Starfsreglur þessar sem settar eru samkvæmt heimild í 55. gr. og 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997 öðlast gildi 1. janúar 2000.

Gjört í Reykjavík, 15. nóvember 1999.

Jón Helgason
forseti kirkjupings.

Gunnar Sveinsson
þingskrifari.“

Starfsreglur þessar eru hér með kunngerðar almenningi.

Reykjavík, 15. nóvember 1999.

F. h. kirkjuráðs,

Karl Sigurbjörnsson biskup Íslands.